



Fundur Trumps og áhrif Íslands

Eftir Björn Bjarnason

Hér átti sú skoðun áhrifamikla fylgismenn á tíunda áratug síðustu aldar að vegur Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi hefði minnkað vegna spennufalls milli austurs og vesturs. Íslensk stjórnvöld hefðu komið ár sinni vel fyrir borð í kalda stríðinu. Þá hefði enginn viljað stygga þau af ótta við að Íslendingar myndu raska öryggiskerfi Vesturlanda.

Til dæmis um þetta viðhorf má vitna í 22 ára gamlan leiðara hér í blaðinu (24. ágúst 1997). Þar segir að hernaðarlegt mikilvægi Íslands og lykilyfðing Keflavíkurstöðvarinnar hafi tryggt Íslendingum margföld áhrif á alþjóðavettvangi. Síðan rekur blaðið nokkur dæmi um breytta stöðu eftir lyktir kalda stríðsins og segir síðan:

„Í hnotskurn þjóðir þetta að við getum ekki lengur treyst á hernaðarlegt mikilvægi Íslands til þess að tryggja okkur áhrif á alþjóðavettvangi. Við verðum þess í stað að byggja á málefnalegu framlagi okkar á vettvangi þeirra alþjóðasamtaka sem við eigum aðild að.“

Þrátt fyrir hnattstöðu Íslands og hernaðarlegt mikilvægi beittu íslensk stjórnvöld að sjálfsögðu málefnalegum rökum til að vinna málstað sínum fylgi. Þá er varasamt að álykta á þann veg að Íslendingar njóti sín ekki á alþjóðavettvangi nema þeim takist að sýna fram á hættuástand á Norður-Atlantshafi, sé ekki farið að óskum þeirra. Markmið íslenskrar utanríkisstefnu



Björn Bjarnason

hefur aldrei verið að ýta undir spennu. Íslendingar njóta þess eins og allar aðrar þjóðir að samskipti ríkja séu frjáls og laus við árekstra og ágreining. Engin þjóð á meira undir friði en sú sem hefur ekki afl til að verjast sjálf ef til átaka kæmi.

Hvorki Bandaríkja-stjórn né NATO skilgreindu

Norður-Atlantshaf sem spennusvæði frá lokum níunda áratugar fram til ársins 2014. Hlutur Íslands á alþjóðavettvangi hefur þó ekki minnkað. Áhrifin fara eins og áður eftir framlaginu og hvernig það er rökstutt. Ný viðfangsefni hafa komið í stað þeirra sem áður mótuðu alþjóðaðbróun, nú ber loftslagsmál og viðskiptamál hæst.

Hrun fjármálakerfisins haustið 2008 var alþjóðlegt en harkalegra hér en annars staðar vegna þess hve hátimbrað íslenska bankakerfið var. Spurning er hvort bandarísk yfirvöld hefðu opnað lánalínu til Íslands við aðrar aðstæður í öryggismálum en árið 2008. Þar verður þó ávallt um getgátur að ræða. Vanhugsuð, forkastanleg viðbrögð ríkisstjórnar breska Verkamannaflokksins gagnvart Íslandi voru til heimabruks – til að sýna Skotum að þeir ættu ekki að segja skilið við Sameinaða konungdæmið, UK.

Í sama mund og vald kommúnista varð að engu í Evrópu, á árunum 1989 til 1992, var samið um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), víðamesta alþjóð- og lagasamstarfi Íslendinga frá öndverðu. Samstarfið hefur gjörbreytt

» Í öllu tilliti skiptir þessi leiðtogafundur okkur Íslendinga miklu. Sögulegu og landfræðilegu tengslin eru skýr.

íslensku þjóðfélagi og stuðlað að framförum.

Formennska í Norðurskautsráði

Íslendingar tóku við formennsku til tveggja ára í Norðurskautsráðinu 7. maí 2019 á fundi í Rovaniemi í Finnlandi. Vakti heimsathygli hve Mike Pompeo, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, kvað fast að orði í gagnrýni á Kínverja og áhuga þeirra á norðurslóðum í ræðu sem hann flutti í tengslum við þennan fund ráðsins.

Í skýrslu Guðlaugs Þórs Þórðarsonar til alþingis um utanríkismál frá 29. apríl 2019 segir réttilega að „alþjóðapolítískt vægi“ formennskunnar í Norðurskautsráðinu hafi aukist til muna á undanförunum árum“. Formennskan dragi athygli að Íslandi, auki vægi landsins á alþjóðavettvangi og veiti Íslendingum þannig einstakt tækifæri til að stuðla að því að áherslur þeirra fái hljómgrunn meðal ríkja og samstarfsaðila ráðsins. Brynt sé að beina sjónum að hafinu og orkumálum. Sú skörun sem viðfangsefni Norðurskautsráðsins hafi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og Parísarsamkomulagið um aðgerðir á sviði loftslagsmála séu ótvíræð og því eðlilegt að formennskuáætlun Íslands taki mið af þeim áherslum.

Áhugi Bandaríkjastjórnar á Norðurskautsráðinu felst ekki í að

vinna að framgangi Parísarsamkomulagsins. Hún horfir til annarra þátta eins og fram kom í ræðu Pompeos. Á hinn bóginn er þess að gæta að hernaðarleg málefni eru utan verksviðs ráðsins.

Stórveldi á norðurslóðum

Dönskum stjórnvöldum kom í opna skjöldu þegar Donald Trump Bandaríkjaforseti lýsti áhuga á að heimsækja Kaupmannahöfn á heimleið frá Póllandi í byrjun september.

Sunnudaginn 1. september verða 80 ár liðin frá því að nasistar réðust inn í Pólland og síðari heimsstyrjöldin hófst. Eftir þátttöku í minningarathöfn í Varsjá af þessu tilefni heldur Trump til Kaupmannahafnar.

Fyrir utan að njóta gestrisni Margrétar drottningar er erindi Trumps að ræða norðurslóðamál. Í augum Bandaríkjamanna er Danmörk mikilvægt norðurskautsríki og Grænland útvörður Norður-Ameríku.

Bandaríkjamenn, Kínverjar og Rússar láta sig ekki mjög miklu varða skagann á meginlandi Evrópu og eyjarnar í kringum hann. Þeir hafa meiri áhuga á ítökum Dana á Grænlandi og raunar einnig Færeyjum.

Með Mette Frederiksen, forsetisráðherra Dana, í viðræðum við Trump verða Kim Kielsen, formaður grænlenksku landstjórnarinnar, og Aksel V. Johannesen, lögmaður Færeyja, hvað sem liður lögbingskosningunum í Færeyjum 31. ágúst.

Með vísan til ríkjasambandsins við Grænlandinga hafa Danir gert kröfu um að norðurlögin sé viðurkenndur sem hluti af landgrunni Grænlands. Nái danskar kröfur í krafti landgrunnssákvæða hafréttarsáttmálans fram að ganga kann

danskt yfirráðasvæði að tuttugu faldast.

Í anda þess sem Pompeo sagði í Rovaniemi er mikilvægt fyrir Bandaríkjastjórn að eiga náð samstarf við ríki sem er stórveldi á norðurslóðum. Danska ríkið hefur þá stöðu og þess vegna hittir Trump forystumenn þriggja þjóða í Kaupmannahöfn. Tvö meginmál verða á dagskrá fundarins: norðurskautsmál og öryggismál.

Í öllu tilliti skiptir þessi leiðtogafundur okkur Íslendinga miklu. Sögulegu og landfræðilegu tengslin eru skýr. Öryggi eyhjóðanna tveggja fyrir austan Ísland og vestan verður ekki tryggt án náins samstarfs við Íslendinga.

Eftir innrás Rússa í Úkraínu árið 2014 hefur hernaðarleg spenna magnast að nýju á Norður-Atlantshafi og enn á ný er litið til varnarlinu gegn kaftátum frá Grænlandi um Ísland til Skotlands (GIUK-hliðið). Bandaríkjastjórn endurræsti 2. flota sinn, Atlantshafsflotann, fyrir einu ári og ætlar honum hlutverk á hafsvæðum fyrir norðan Ísland. Viðbúnaður á Keflavíkurflugvelli tekur mið af þessu.

Þetta eru gamalkunn viðfangsefni. Breytingin mikla frá því fyrir álfarþjórdungi á rætur í hlýnun jarðar og áhrifum hennar á norðurskautssvæðið. Áhugi samhliða spennu færirst norðar en áður, á heimshluta þar sem átta ríki hafa komið sér saman um að eiga friðsamlegt samstarf. Um þessar mundir er formennska í þessum félagsskap í höndum Íslendinga. Þeir eru ekki áhrifalausir, áhrifin ráðast þó eins og áður af vel ígrundaðri stefnu og vandaðri framkvæmd hennar.

Höfundur er fyrirv. ráðherra.